


Umhverfisstofnun
Áb. KSS
06 FEB. 2008
59.23
Tilv. UST 20080100093

Benedikt Björnsson,
arkitekt
Túnbrekku 4
200 Kópavogur



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

✉ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

✆ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 5. febrúar 2008
Tilvisun: UST20080100093/ksj

Borðeyri, Bæjarhreppi, Strandasýslu. Deiliskipulag 1:500

Vísað er til erindis frá Benedikt Björnssyni arkitekt sem barst Umhverfisstofnun þann 17. desember 2007 þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að deiliskipulagi Borðeyrar í Bæjarhreppi. Fram kemur í greinargerð með skipulagstillögum að deiliskipulagið leysi af hólmi eldra deiliskipulag sem nú er í gildi.

Á því svæði sem deiliskipulagstillaga fyrir Borðeyri nær yfir eru hvorki friðlýst svæði né náttúruminjar. Breytingar frá nágildandi deiliskipulagi eru þess eðlis að Umhverfisstofnun gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við skipulagstillöguna. Þar sem Borðeyri stendur við sjó vill Umhverfisstofnun benda á grein 4.15.2 í skipulagsreglugerð nr. 400/1999 sem fjallar um vötn, ár og sjó í skipulagsáætlunum en þar segir „*Almennt er ekki gert ráð fyrir deiliskipulagningu þessara svæða en í deiliskipulagningu aðliggjandi svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim.*“

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir

Sérfræðingur

Guðríður Þorvarðardóttir

Deildarstjóri

Þorgerður Sigurjónsdóttir oddviti
skrifstofa Bæjarhrepps
Borðeyri